

## AUGLÝSING

### um breytingu á mörkum Búðahrepps og Fáskrúðsfjarðarhrepps.

Á grundvelli 2. mgr. 3. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986 hefur félagsmálaráðuneytið hinn 12. desember 1994 staðfest breytingu á mörkum Búðahrepps og Fáskrúðsfjarðarhrepps, sbr. samkomulag milli sveitarstjórna framangreindra sveitarfélaga, dagsett 9. desember 1994.

Í samkomulaginu segir m.a. svo: „Hreppamörkin fylgja landamerkjum aðliggjandi jarða svo sem þeim er lýst í þingmálabókum sýslumannsembættis Suðurmúlasýslu

að austan ráða landamerki Kappeyrar og Búða frá sjó  
að vestan landamerki Gestsstaða og Kirkjubóls  
að sunnan og til sjávar landamerki Tungu og Kirkjubóls.

Framangreindar jarðir Kappeyri, Gestsstaðir og Tunga eru í Fáskrúðsfjarðarhreppi og eru ofangreind landamerki jafnframt hreppamörk sveitarfélaganna Búðahrepps og Fáskrúðsfjarðarhrepps.“

Breyting þessi á mörkum Búðahrepps og Fáskrúðsfjarðarhrepps skal öðlast þegar gildi.

*Félagsmálaráðuneytið, 12. desember 1994.*

F. h. r.

**Húnbogi Þorsteinsson.**

*Sesselja Árnadóttir.*

## AUGLÝSING

### um hækkun bifreiðagjalds þann 1. janúar 1995.

Með vísan til 5. gr. laga nr. 39/1988, um bifreiðagjald, með síðari breytingum, sbr. 6. gr. reglugerðar nr. 381/1994, um bifreiðagjald, tilkynnist hér með að grunngjöld bifreiðagjalds og lágmarksgjald vegna nýskráðra bifreiða verða þann 1. janúar 1995 sem hér segir:

Fyrir hvert kílógramm af eigin þyngd kr. 5,72.

Fyrir hvert kílógramm umfram 1000 kg skal greiða að auki kr. 3,71.

Þó skal aldrei greiða lægra gjald en kr. 2.923, né hærra gjald en kr. 18.470.

Lágmarksgjald vegna nýskráningar skal vera kr. 1.157.

*Fjármálaráðuneytið, 21. desember 1994.*

F. h. r.

**Snorri Olsen.**

*Rúnar Hannesson.*